

Kirkjuþing 2017

3. mál – þskj. 3

## T I L L A G A

til þingsályktunar um kaup og sölu fasteigna  
(Lagt fyrir 56. kirkjuþing 2017)

Flutt af kirkjuráði  
Frsm. Gísli Gunnarsson

Kirkjuþing 2017 heimilar sölu eftirtalinna fasteigna í eigu kirkjumálasjóðs:

### *Suðurprófastsdæmi*

Jörðin Hraungerði og Voli, Flóahreppi  
Kirkjubæjarklaustur, lóðir og land prestssetursins.

### *Kjalarnesprófastsdæmi*

Skagabraut 30, sveitarfélaginu Garði

### *Vesturlandsprófastsdæmi*

Laugarbraut 3, Akraneskaupstað

### *Vestfjarðaprófastsdæmi*

Hellisbraut 4, Reykhólum, Króksfjarðarnesi  
Miðtún 12, Ísafirði, Ísafjarðarbæ

### *Austurlandsprófastsdæmi*

Hamrahlíð 12, Vopnafirði  
Hraungarður 8, Eiðum. (Ekki hægt að selja vegna lóðamála)

### *Reykjavíkurrófastsdæmi vestra*

Kirkjuhúsið, Laugavegi 31, Reykjavík

Heimildarákvæði um sölu fasteigna gilda fram að kirkjuþingi 2019.

### *Athugasemdir með tillögu þessari.*

Kirkjuráð óskar eftir að kirkjuþing 2017 heimili sölu þeirra fasteigna sem greinir í þingskjalinu. Um sömu söluheimildir að ræða og samþykktar voru á kirkjuþingi 2015 að frátöldum þeim fasteignum sem seldar hafa verið. Einnig er áframhaldandi beiðni um heimild til sölu á og lóðum og landi prestssetursins á Kirkjubæjarklaustri. Til skýringar þá hefur verið uppi ágreiningur um lóðarleigu, en eðlilega er hærri lóðarleiga á landi sem ekki er í eigu sveitarfélagsins. Er mikill samanburður við nágrannasveitarfélög en þar er lóðarleiga frekar lág sem viðleitni til að laða að íbúa. Stór hluti íbúðarhúsa á Kirkjubæjarklaustri er byggður á lóðum í landi prestssetursins. Sveitarfélagið hefur sýnt mikinn áhuga á að kaupa lóðirnar og

viðbótarland sem færi þá undir nýjar lóðir. Með sölu til sveitarfélagsins yrði líka eytt óvissu um landamerki. Fyrir liggur staðgreiðslutilboð frá sveitarfélaginu. En þar sem lóðirnar eru skráðar á ríkið þá verður bið á því að hægt verði að selja þessar lóðir.

Þá er einnig líkt og á síðasta kirkjuþingi byggt á samþykktum starfsreglum í 13. máli kirkjuþings 2011 þar sem lagt er til að tileknum prestaköllum fylgi eftirleiðis ekki prestssetur. Söluheimildar er óskað á prestssetrum eingöngu til að geta mætt óskum sitjandi prests, ef til kæmi, um kaup á eigninni eða að hann óski eftir að leggja sjálfur til eigið íbúðarhúsnæði og að láta prestssetrið af hendi. Enn fremur komi til þess að viðkomandi prestsembætti losni.

Þau rök sem tilgreind eru fyrir sölu fasteigna koma fram í greinargerð með 10. máli kirkjuþings 2010 og eiga þau enn við í dag. Þar segir m.a. svo:

*„Eignunum má skipta í flokka eftir því hvaða forsendur liggja til grundvallar beiðni kirkjuráðs. Í fyrsta lagi er um að ræða eignir sem fyrirsjáanlegt er að ekki verði not fyrir í þjónustu kirkjunnar og ekki sérstök önnur rök mæla með að þeim sé haldið í eigu kirkjunnar, svo sem vegna kirkju-, eða menningarsögulegra ástæðna. Einnig er kostnaður kirkjumálasjóðs af áframhaldandi eignarhaldi að líkindum meiri en hugsanlegar tekjur af eignunum. Ólíklegt er talið að verðmæti eignanna muni hækka svo á næstu árum að það borgi sig að fresta sölu.*

*Í öðru lagi er um að ræða eignir sem ekki er lengur talin þörf fyrir í þjónustu kirkjunnar vegna breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu og þrengri fjárhags kirkjunnar. Þótt eignirnar skili viðunandi arðsemi þykir rétt að óska söluheimildar í því skyni að bjóða þær til sölu til að losa fé sem í þeim er bundið.*

*Í þriðja lagi er um að ræða þau prestssetur sem ... leggist af við starfslok prests eða að hann flytji í annað húsnæði í prestakallinu. ... Í þessum flokki eru einnig prestssetur í prestaköllum sem búið er að sameina öðrum og þar með að leggja niður annað prestssetrið í sameinaða prestakallinu.*

*Í fjórða lagi er um að ræða eignir sem fyrirsjáanlega verða ekki not fyrir í þjónustu kirkjunnar og þar sem kostnaður kirkjumálasjóðs af áframhaldandi eignarhaldi er að líkindum meiri en hugsanlegar tekjur af eignunum. Ólíklegt er talið að verðmæti eignanna muni hækka svo á næstu árum að það borgi sig að fresta sölu. Eignarhald þessara eigna væri hugsanlegt að réttlæta með kirkju- eða menningarsögulegum ástæðum.“*

Þær fasteignir sem seldar hafa verið samkvæmt söluheimild kirkjuþings frá 2015 eru:

### **Suðurprófastsdæmi**

Brattahlíð 5, Hveragerði, Hveragerðisbæ.